

**Ed.**

**551. Lög**

um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

**1. gr.**

Staður c. í 2. tölul. 3. gr. laganna orðist svo :

sje hann búsettur í kaupstað eða kaupsíti, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur meiri en 4500 kr., að viðbættum 500 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem er á framfæri hans.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.